

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 293/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**G**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Kynferðisbrot. Barn. Sönnunargögn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins. Eru það kröfur þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt þeirri verknaðarlýsingu og heimfærslu til refsíákvæða, sem greinir í ákæru, en refsing hans þyngd frá því, sem á var kveðið í héraðsdómi.

Ákærði krefst sýknu í málinu, en til vara þess, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Í máli þessu er ákærði sakaður um kynferðismök við dóttur konu, sem hann bjó með í óvígðri sambúð og átti með 3 syni. Eru þau talin hafa átt sér stað í eitt skipti, þegar telpan var 5 ára gömul, meðan ákærði sá einn um heimilið í fjarveru konunnar. Telpan skýrði frá atvikinu þremur árum síðar, fyrst móður sinni og síðan sálfræðingi hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Gerðist það skömmu eftir að sambúð ákærða og móðurinnar hafði slitnað að fullu. Deila stóð þá um forræði sona þeirra. Hefur það síðan verið fengið móðurinni, en ákærði nýtur umgengnisréttar við drengina.

Sálfræðingurinn og móðir telpunnar hafa gefið skýrslu um viðtöl sín við hana fyrir dómi. Eru þær skýrslur grundvöllur ákærunnar ásamt myndbandsupptöku af fyrri viðtali sálfræðingsins við telpuna. Fór viðtalið fram í skrifstofu hans að móðurinni viðstaddri, áður en málið var kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins, og var ekki rætt við telpuna á hennar vegum. Dómari málsins í héraði reyndi

ekki að yfirheyra telpuna sjálfstætt eða ræða við hana um ákærufnið beint eða með aðstoð sérfróðra aðila, og ákærða eða verjanda hans var ekki gefinn kostur á slíku. Má telja þetta til galla á meðferð málsins, einkum að því er varðar skyldu dómarans til sjálfstæðrar skoðunar á málavöxtum, sbr. meginreglu 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976. Ákærði hefur ekki viljað rengja frásögn telpunnar, heldur hefur hann lýst því bæði fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann geti hvorki játað henni né neitað. Jafnframt hefur hann skýrt frá því, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, að hann hafi orðið ofurólvi á heimilinu eitt kvöld á þeim tíma, er atvikið hafi getað gerst samkvæmt frásögn telpunnar.

Telja verður, eins og hér stendur á, að rétt sé að leggja dóm á málið eftir fram komnum gögnum, og séu ekki efni til að hafna því, að byggt verði á umræddu myndbandi sem sönnunargagni, en krafa þess efnis hefur ekki komið fram. Dómendur í Hæstarétti hafa horft á myndbandið ásamt sækjanda og verjanda. Að virtum öllum sakargögnum ber að fallast á það með héraðsdómara, að ákærði hafi orðið sekur um brot gegn þágildandi 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga, en brotið varðar nú við 1. mgr. 201. gr. laganna, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 40/1992. Jafnframt hafi hann orðið brotlegur við 45. og 47. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

Staðfesta ber ákvörðun dómarans um refsingu ákærða og um sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, G, sæti fangelsi tólf mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinsonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1992.**

Ár 1992, föstudaginn 5. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 262/1992: Ákærvaldið gegn G, sem tekið var til dóms 20. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 12. mars sl., á hendur G[.....], fyrir skírlífisbrot með því að hafa aðfaranótt 26. mars 1988 á þáverandi heimili sínu að H...götu 1... í B..., látið fimm ára stjúpdóttur sína horfa með sér á klámkvikmynd, látið hana fara höndum um getnaðarlim sinn og sjálfur farið höndum um og sleikt kynfæri hennar og síðan farið með hana upp í hjónarúm, farið þar höndum um kynfæri hennar og haft samræði við hana.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. og 47. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, G, sæti fangelsi í tólf mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., 100.000 kr., og saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---